



## Samskiptareglur leik- og grunnskóla Kópavogs við aðila utan skólanna

### Samskiptareglur við trúar- og lífsskoðunarfélög

1. Samskiptareglur þessar taka ekki til lögbundinnar trúarbragðafræðslu í grunnskólum og ákvæðis í lögum um leik- og grunnskóla um virðingu fyrir kristinni arfleifð íslenskrar menningar. Það er hlutverk skólanna að fræða nemendur um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá.
2. Trúar- og lífsskoðunarfélögum verði ekki heimilt að stunda starfsemi sína í húsnæði skólans á skólatíma og í Dægradvöl. Skólastjórnendur og kennarar geta hins vegar boðið fulltrúum trúar- og lífsskoðunarfélaga í heimsókn í skólana sem lið í kennslu samkvæmt gildandi aðalnámskrá. Trúar- og lífsskoðunarfélögum er heimilt að kynna barna- og æskulýðsstarf sitt í skólunum með sama hætti og íþrótt- og tómstundafélögum. Ákvarðanir um slíkar kynningar séu á ábyrgð skólastjóra.
3. Heimsóknir á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga á skólatíma fari fram undir stjórn kennara sem liður í kennslu um trú og lífsskoðanir samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá. Slíkar heimsóknir séu liður í fræðslu og menningarmiðlun.
4. Undirbúningur fyrir hefðbundnar hátíðir og frídaga sem eru hluti af menningararfleifð þjóðarinnar heldur sessi sínum í skólastarfi.

### Samskiptareglur við fyrirtæki, íþrótt- og tómstundafélög og menningarstofnanir

1. Auglýsingar sem beinast að börnum í viðskiptalegum tilgangi verði ekki heimilar innan veggja skólanna. Ekki er heimilt að dreifa auglýsinga- og kynningarefni frá fyrirtækjum í viðskiptaskyni í skólunum eða með rafrænum samskiptakerfum.
2. Íþrótt- og tómstundafélög og menningarstofnanir geta samkvæmt ákvörðun skólastjórnenda, kynnt starfsemi sína í skólunum.

(Unnið af leik- og grunnskóladeildum Kópavogs að beiðni Skólanefndar Kópavogs 29.04. 2013).